



**21. fundur Ungmennaráðs Múlapings  
haldinn í Vegahúsinu, mánudaginn 13. febrúar 2023  
og hófst hann kl. 15:30**

**Fundinn sátu:**

Björg Gunnlaugsdóttir aðalmaður, Emma Rós Ingvarsdóttir aðalmaður, Hilmir Bjólfur Sigurjónsson aðalmaður, Páll Jónsson aðalmaður, Rebecca Lísbet Sharam formaður, Sonja Bríet Steingrímsdóttir aðalmaður, Sóley Dagbjartsdóttir aðalmaður, Valgeir Már Gunnarsson aðalmaður og Dagný Erla Ómarsdóttir verkefnastjóri íþróttá- og æskulýðsmála.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Erla Ómarsdóttir, verkefnastjóri íþróttá- og æskulýðsmála

**Dagskrá:**

**1. 202302072 - Heimsókn ungmennaráðs í Sláturhúsið og Vegahúsið**

Farið var í heimsókn í Sláturhúsið þar sem Ragnhildur Ásvaldsdóttir, forstöðumaður, tók á móti Ungmennráði. Hún kynnti hópnum fyrir húsinu og því fjölbreytta menningarstarfi sem þar er. Ungmennaráð þakkar Ragnhildi fyrir upplýsandi leiðsögn og greinargóð góð svör við spurningum.

Ráðið kynnti sér einnig starfsemi Vegahússins þar sem Reynir Hólm Gunnarsson fór yfir þeirra góða og mikilvæga starf. Vegahúsið er ungmennahús ætlað fyrir ungmenni á aldrinum 16-25 ára þar sem fjölbreytt félagsstarf er í boði. Ungmennaráð þakkar Reyni fyrir stórskemmtilega kynningu og vonast eftir góðu samstarfi í framtíðinni.

**Gestir**

Reynir Hólm Gunnarsson - 16:00

Ragnhildur Ásvaldsdóttir - 15:30

**2. 202302057 - Fjárhagsáætlanir Múlapings 2024**

Mikilvægt er að ungmennaráð fái að taka þátt í stefnumótandi verkefnum sveitarfélagsins og er fjárhagsáætlun meðal þeirra. Ungmennaráð hvetur því allar fastanefndir sveitarfélagsins til þess að hafa ráðið með í umfjöllun og vinnu við fjárhagsáætlanir ársins 2024.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**3. 202302071 - Umræða ungmennaráðs um skipulagsmál**

Lagt fram til kynningar.

**4. 202302060 - Skólahreysti**



Tekin var umræða um Skólahreysti og þá staðreynd að undankeppnin hefur ekki verið haldin á Austurlandi undanfarin ár. Stefnt er að því að senda bréf á mótshaldara í samvinnu við ungmennaráð Fjarðarbyggðar.

Í vinnslu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:40**

